



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Reykjavík, 7. febrúar 2019

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 31. janúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp sem er endurflutt frá fyrra þingi.

Umboðsmaður barna vísar í fyrri umsögn embættisins um sama mál en vill þó áréttta tiltekin atriði. Lýðræðisleg þátttaka barna og ungmenna snýst um fleiri þætti en lækkun kosningaaldurs eins og lýðræðislegt samráð og möguleika á áhrifum á fyrri stigum ákvarðanatöku hjá ríki og sveitarfélögum. Í samtölum embættis umboðsmanns barna við ungmenni hefur komið fram skýrt ákall um að efla þurfi fræðslu um lýðræði, stjórnkerfi og stjórnmal í efri bekkjum grunnskólans og í framhaldsskólum. Verði frumvarp þetta að lögum í ár, þegar þrjú ár eru til næstu sveitarstjórnarkosninga, gefst því tækifæri til að gera gangskör í þessum efnum og efla til muna samfélagslega menntun barna til að búa þau undir virka lýðræðislega þátttöku í samfélaginu.

Einn af grunnþáttum aðalnámsskrár grunnskóla er lýðræði og kemur þar fram að skólar eigi að rækta þá þekkingu sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.

Ýmsar aðrar leiðir eru jafnframt til þess færar að virkja börn til þátttöku í sínu nærsamfélagi og þá ekki aðeins þau sem eru 16 ára eða eldri heldur einnig yngri börn. Má þar einkum nefna starf ungmennaráða hjá sveitarfélögum með þátttöku fjölbreytilegs hóps ungs fólks. Embætti umboðsmanns barna hefur lengi beitt sér fyrir lögfestingu ungmennaráða sveitarfélaga sem umboðsmaður telur mikilvæga leið fyrir ungt fólk til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í lýðræðislegu samtali í nærumhverfi sínu.

Með vísan til framangreinds vill umboðsmaður barna hvetja Alþingi til að nýta það tækifæri sem hér gefst til að móta skýra sýn og stefnu um eflingu lýðræðislegrar þátttöku barna og ungmenna í íslensku samfélagi.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna